

Aðalfundur Hundaræktarfélags Íslands

3. maí 2023

Stjórn Hundaræktarfélags Íslands boðaði til aðalfundar í húsnæði félagsins, Melabraut 17, 220 Hafnarfirði miðvikudaginn 3. maí 2023 og hófust fundarhöld kl. 20:17.

1. Skipan fundarstjóra, fundarritara og lögmæti fundarins kannað

Daníel Örn Hinriksson formaður félagsins setti aðalfundinn og lagði um leið til samþykktar fundargesta að Guðbjörg Guðmundsdóttir verði fundarstjóri og Helga Kolbeinsdóttir ritari. Var sú tillaga samþykkt með lófataki fundargesta.

Fundurinn var auglýstur á heimasíðu félagsins 31. mars sl. og í Morgunblaðinu 1. apríl sl. til samræmis við ákvæði 7. gr. laga félagsins. Fundarstjóri lýsti því yfir að boðun væri lögmæt og þar með fundurinn lögmætur.

2. Skýrsla stjórnar HRFÍ

Daníel Örn Hinriksson flutti framsögu um skýrslu stjórnar og Anna María Ingvarsdóttir úr varastjórn félagsins kynnti sérstaklega kaup á nýju húsnæði.

[Skýrsla stjórnar er birt á heimasíðu félagsins í heild sinni.](#)

- Stjórn félagsins starfsárið 2022-2023 skipuðu: Daníel Örn Hinriksson, formaður, Guðbjörg Guðmundsdóttir, varaformaður, Helga Kolbeinsdóttir, ritari, Maríanna Gunnarsdóttir, gjaldkeri og Anna Guðjónsdóttir meðstjórnandi. Varamenn voru þær Anna María Ingvarsdóttir og Ingibjörg Salóme Sigurðardóttir.
- Starfsmenn félagsins á tímabilinu eru Guðný Rut Ísaksen, fráfarandi framkvæmdastjóri, Silja Ösp Jóhannsdóttir, verkefnastjóri. Stefanía

Baldursdóttir, Anna Dís Arnarsdóttir og Júlía Guðmundsdóttir voru starfsmenn á skrifstofu félagsins. Linda Björk Jónsdóttir tók við sem ritstjóri Sáms og Erna Sigríður Ómarsdóttir tók að sér sérverkefni í hlutastarfi tengd innleiðingu tölvukerfis og NKU, en hún fór af launaskrá félagsins í lok apríl.

- Á félagsfundum sem haldinn var 3. október 2022 samþykktu félagsmenn að gengið yrði frá kaupum á fasteigninni að Melabraut 17, með afgerandi meirihluta atkvæða. Um er að ræða um 450 m² húsnæði á einni hæð og er húsnæðinu ætlað að hýsa skrifstofur og starfsemi félagsins auk þess að vera félagsheimili félagsmanna og deilda þar sem hægt er að sinna ýmis konar vinnu með hundum.
- Þróun Hundavefsins hefur haldið áfram á tímabilinu og hefur virkni hans aukist undanfarna mánuði. Nú er hægt að sækja um meistaratitla og eigendaskipti í gegnum vefinn og fljótlega er stefnt á að opna fyrir gotskráningar.
- Á árinu 2021 kærði stjórn HRFÍ eigendur Gjósku ræktunar til siðanefndar vegna brota á lögum og reglum félagsins, einkum varðandi ættbókarskráningu. Þann 25. janúar 2022 kvað siðanefnd upp úrskurð í málinu, 15 ára brottvísun og útilokun úr starfi félagsins, svipting á ræktunarnafninu Gjósku og rétti til að fá afhent ættbókarskírteini í sama tíma. Félagið hefur orðið fyrir töluverðum kostnaði vegna siðanefndar málsins og vegna málaferla af hálfu eigenda Gjóskuræktunar, eins og fram kemur í ársreikningi.
- Alls voru skráðir 5617 hundar á sýningar félagsins sem er það mesta sem við höfum séð hingað til. Einnig var góð skráning á deildarsýningar.
- Gotskráningum hefur fækkað eftir metár í fyrra.
- Hundaskóli HRFÍ var rekinn með óbreyttu sniði, 126 hundar og eigendur sóttu námskeið.

- HRFÍ sinnir formennsku í NKU (Nordisk Kennel Union) og mun sinna þeirri stöðu til loka árs 2024. Þetta er í fyrsta sinn sem félagið er í forsæti samtakanna.
- Ný fastanefnd, Æskulýðsnefnd, tók til starfa á starfsárinu.
- Linda Björk Jónsdóttir er ritstjóri Sám og hefur Sámur nú fengið heimasíðu (www.samur.is) þar sem greinar eru birtar rafrænt

3. Ársreikningar félagsins ásamt skýrslum löggilts endurskoðanda og félagskjörinna skoðunarmanna fyrir síðastliðið ár, lagðir fram til staðfestingar

Guðný Rut Ísaksen, framkvæmdastjóri, fór yfir ársreikning HRFÍ og Ra ehf., sem er félag í eigu HRFÍ, sem átti fasteignina Síðumúla 15 og á nú Melabraut 17, og skýrði einstaka liði. Var glærum varpað upp á tjald til skýringar. Samantekt reikninga HRFÍ og RA – áætlanir byggjast á reikningum beggja félaga. Ársreikningar félagsins birtast í heild sinni inn á heimasíðu félagsins en helstu punktar fara hér eftir.

- Árið 2021 einkenndist af óvissu um starfsemi í kjölfar Covid-19 faraldursins.
- **Tekjur** félagsins fyrir starfsárið 2022 voru rúmar 106 milljónir. Það er góð aukning í tekjum, eða um 14.5 milljónir. Aukningin á milli ára kemur aðallega úr vöru- og þjónustusölu.
- Tekjur vegna sýningargjalda á HRFÍ sýningum náðu um 17 milljónum. Það er mjög hófleg afkoma af sýningum, en þær standa undir sér.
- **Gjöld.** Það var aukning í allri starfsemi á stjórnarárinu, auk þess að fest voru kaup á nýju húsnæði. Launakostnaður og skrifstofukostnaður hefur aukist í samræmi við það.

- Liðurinn húsaleiga hækkaði á milli ára, það skýrist af því að samið var um lága leigu fram að áramótum og þurfti að leigja á markaðsleigu frá áramótum þar sem félagið var ekki búíð að festa kaup nýju á húsnæði.
- Lögfræðikostnaður skýrist annars vegar af Siðanefndarmálum og hins vegar af dómsmálum. Samtals lögfræðikostnaður vegna dómsmálanna tveggja árin 2021 og 2022 nam 1.645.955 kr. án virðisaukaskatts.
- Fundarkostnaður jókst vegna formennsku okkar í NKU, þar sem fulltrúar þurftu að sækja fundi erlendis auk þess sem haldinn var fundur í Reykjavík á starfsárinu.
- Eignir félagsins aukast talsvert á milli ára. Tekið var lán hjá Íslandsbanka fyrir nýju húsnæði að Melabraut 17.

Fundarstjóri bar ársreikninga félagsins undir fundargesti til samþykktar. Voru ársreikningar samþykktir samhljóða með handauppréttingu.

4. Skýrsla um starfsemi siðanefndar

Arnheiður Runólfsdóttir kynnti skýrslu um starfsemi siðanefndar.

Siðanefnd starfsárið 2022-2023 skipuðu:

Arnheiður Runólfsdóttir

Brynja Kristín Magnúsdóttir

Selma Olsen

Varamenn á tímabilinu voru

Sunna Birna Helgadóttir

Þorbjörg Ásta Leifsdóttir

Brynja Kristín Magnúsdóttir þurfti að segja sig úr nefndinni í febrúar s.l. vegna anna í vinnu og námi, Sunna Birna Helgadóttir kom inn í hennar stað.

52 mál bárust á tímabilinu og er 42 málum lokið en 5 mál eru í bið eftir andsvari og 5 mál eru nýkomin inn.

4 málum var vísað frá.

12 mál þar sem augnvottorð var ekki í gildi við pörun

20 mál þar sem hnéskelja rannsókn vantaði fyrir pörun

8 mál þar sem ekki lá fyrir niðurstaða nauðsynlegra DNA prófa fyrir pörun

2 mál þar sem tík hafði ekki náð lágmarksaldri fyrir pörun

1 mál þar sem hvíldartími tíkar var ekki virtur

4 mál þar sem vantaði eistnavottorð fyrir pörun

1 mál vegna frávísunar úr veiðiprófi

1 mál þar sem röng tík var skráð á innsendum gögnum

4 mál þar sem vantaði vottorð fyrir mjaðmarannsókn

Í sumum málum voru fleiri en eitt ofangreindra atriða ekki í lagi og því fleiri mál skráð í sundurliðun en heildarfjöldi afgreiddra mála. Mikil vinna er hjá siðanefndinni vegna hnéskeljavottorða sem ræktendur skila ekki inn.

5. Starfs- og fjárhagsáætlun stjórnar samþykkt fyrir næsta starfstímabil.

Guðný Rut Ísaksen steig í pontu og kynnti starfs- og fjárhagsáætlun stjórnar fyrir árið 2023.

Gert er ráð fyrir aukningu í tekjum vegna félagsgjalda og einnig í vörusölu. Lítillega dró úr ættbókarskráningum og gotfjölda í fyrra, en gert er ráð fyrir

aukningu í sýningatekjum í ár. Eins gert ráð fyrir hækkun á gjöldum vegna aukins launakostnaðar og áframhaldandi vinnu við tölvukerfi.

Fundarstjóri lagði lagði starfs- og fjárhagsáætlun ársins 2023 til samþykkis fundargesta og var hún samþykkt einróma með handauppréttingu.

6. Lagabreytingar.

Lagabreytingartillögur sem lágu fyrir aðalfundi voru birtar í heild sinni á heimasíðu Hundaræktarfélags Íslands.

Ein lagabreytingatillaga barst fyrir fundinn frá Stjórn HRFÍ. Daníel Örn Hinriksson kynnti tillöguna en hún hljóðaði svo:

Er núverandi:

b) Börn fullgildra félagsmanna geta fengið aukaaðild að félaginu að uppfylltum skilyrðum 5. greinar um félagsaðild. Aukaaðild veitir rétt til þátttöku í öllu starfi félagsins. Aukaaðild veitir þó hvorki kosningarrétt né kjörgengi, hvorki á aðalfundi né á ársfundum deilda að Unglingadeild undanskilinni. Gjald fyrir aukaaðild skal vera helmingur af félagsgjaldi.

Verður

b) Börn geta fengið félagsaðild að uppfylltum skilyrðum 5. greinar um félagsaðild. Félagssaðild veitir rétt til þátttöku í öllu starfi félagsins. Félagssaðild veitir þó hvorki kosningarétt né kjörgengi, hvorki á aðalfundi né á ársfundi deilda að Ungmennadeild undanskilinni. Gjald fyrir félagsaðild barna skal vera 0.-kr.

Að lokinni kynningu bauð fundarstjóri upp á umræður. Tillaga að breyttu orðalagi kom frá Lilju Dóru Halldórsdóttur, en hún lagði til að í stað „aðalfundi“ sé orðið “félagsfundi” notað.

Tillagan var samþykkt með breytingartillögu frá Lilju Dóru.

7. Kosning formanns HRFÍ og annarra stjórnarmanna skv. 10.gr.

Erna Ómarsdóttir var ein í framboði til formanns HRFÍ og telst hún því sjálfkjörin.

Í framboði til embættis tveggja meðstjórnenda til tveggja ára voru:

Anna María Gunnarsdóttir

Anna María Ingvarsdóttir

Berglind Gísladóttir

Erla Heiðrún Benediktsdóttir

Í framboði til embættis eins varamanns til tveggja ára voru:

Anna María Gunnarsdóttir

Anna María Ingvarsdóttir

Berglind Gísladóttir

Þórdís Björg Björgvinsdóttir

Það var kosið rafrænt með kosningakerfi Advania. Það kusu 260 og úrslit urðu eftirfarandi:

Í aðalstjórn hlutu Erla Heiðrún Benediktsdóttir og Anna María Gunnarsdóttir flest atkvæði og eru rétt kjörnar í aðalstjórn. Í varastjórn hlaut Anna María Ingvarsdóttir flest atkvæði og er rétt kjörin í varastjórn félagsins.

Ný stjórn HRFÍ starfsárið 2023 - 2024 skipar:

Erna Sigríður Ómarsdóttir, formaður

Aðalstjórn: Anna Guðjónsdóttir, Guðbjörg Guðmundsdóttir, Anna María Gunnarsdóttir og Erla Heiðrún Benediktsdóttir.

Varamenn: Anna María Ingvarsdóttir og Ingibjörg Salóme Sigurðardóttir.

8. Kosning tveggja félagskjörinna skoðunarmanna og tveggja til vara.

Í framboði sem aðalmenn eru:

Marianna Gunnarsdóttir

Þorsteinn Þorbergsson

Í framboði sem varamenn eru:

Pétur Allan Guðmundsson

Guðmundur A. Guðmundsson

Engin mótframboð bárust á fundinum og eru þau því sjálfkjörin, er því fagnað með lófataki.

9. Kosning siðanefndar

Í aðalstjórn buðu sig fram:

Arnfríður Inga Arnmundsdóttir

Helena Rakel Hannesdóttir

Valka Jónsdóttir

Ekki bárust fleiri framboð og eru þær því sjálfkjörnar.

Í varastjórn buðu sig fram:

Þorgbjörg Ásta Leifsdóttir

Guðrún Th. Guðmundsdóttir

Ekki bárust fleiri framboð og teljast þær því sjálfkjörnar.

11. Önnur mál.

Eitt mál barst undir liðnum önnur mál frá stjórn HRFÍ. Daníel Örn Hinriksson formaður kynnti tillöguna.

Tillaga 12 ræktenda var lögð fyrir síðasta aðalfund og hljóðaði svo:

"Stjórn HRFÍ er falið að uppfæra reglur um skráningu í ættbók á þann veg að við ættbókarskráningu skuli fylgja staðfesting á erfðagrunni (DNA) beggja foreldra. Sýni skulu tekin af dýralækni sem áframsendir þau á rannsóknarstofu sem félagið viðurkennir. Telur hópurinn að með þessu móti fái smám saman gagnagrunnur yfir öll ræktunardýr innan HRFÍ sem verður hægt að nýta ef staðfesta þarf ætterni afkvæma".

Stjórn skoðaði á starfstímanum hvernig hægt væri að framkvæma tillöguna og hver yrði kostnaður. Í því samhengi var haft samband við Matís, en tímarammi við greiningu voru áætlaðar um 4 vikur í afgreiðslu niðurstaðna og listaverð er 14.100kr + vsk per sýni, en mögulega má lækka kostnað t.d. með því að kanna erlendar stofur.

Að lokinni kynningu formanns bauð fundarstjóri upp á umræður.

Arna Sif Kærnested bar fram spurningu um hvaða mál foreldragreining hefði leyst hjá félaginu. Selma úr siðanefnd svaraði því að á síðustu 3 árum eru 2 mál sem hefðu orðið.

Þórdís Björg Björgvinsdóttir finnst tillagan auka gildi ættbókarinnar, hvolpakaupendur hafi með þessu viðbótar tryggingu fyrir því að got sé rétt skráð.

Guðrún Helga spyr hvernig þetta sannar að þetta sé foreldrar hvolpanna, þar sem það er ekki verið að greina DNA úr hvolpum heldur foreldrum.

Lára Birgisdóttir bendir á að DNA prufa alla foreldra og hvolpa er mjög kostnaðarsamt.

Sigrún Gulludóttir finnst tillagan íþyngjandi fyrir sig sem ræktanda og finnst hún vega að trúverðugleika ræktenda innan félagsins. Fremur eigi að vera hörð viðurlög við að gefa rangar upplýsingar, en að setja reglur sem taka mið af þeim sem brjóta lögin.

Anna Dís Arnardóttir tók til máls. Lagði til að mögulega væri betra að got væru DNA prufuð handahófskennt. Óljóst hver ætti að bera kostnað af því.

Edda Björk Arnardóttir tók til máls og spurði hver ber kostnaðinn af því að DNA prufa foreldra eða got þegar félagið krefur félagsmenn um DNA próf á hunda. Fundarstjóri svaraði Eddu: ef grunur er um að got sé rangmæðrað eða feðrað þá greiðir HRFÍ kostnaðinn nema að DNA próf sýni fram á að brot hafi átt sér stað.

Björn Ólafsson benti á að best væri að beita sektum ef fólk brýtur af sér, fólk sem er vísað úr félaginu heldur t.d. bara áfram að sýna.

Sigrún Gulludóttir bendir á að í kafla 4 um reglur um ættbókarskráningu kemur fram að ef þú mætir ekki í DNA próf þá ertu útilokaður frá starfsemi félagsins þar til þú skráir. Spurning að opna fyrir möguleikann á hundavef að setja inn DNA próf foreldra fyrir þá sem vilja fremur en að skylda alla.

Þórdís Björg Björgvinsdóttir steig aftur í pontu og benti á til stuðnings tillögnum að flest got enda sem gæludýr og það er verðmætt fyrir gæludýraeigendur að geta leitað til félagsins og fengið úrlausn sinna mála og fengið strax staðfestingu hjá félaginu. Það bætir miklu við ættbækurnar okkar.

Eftir að umræðum lauk tók fundarstjóri aftur til máls og bar tillöguna upp til samþykktar með handauppréttingu. Tillagan var felld með miklum meirihluta atkvæða.

Fundarstjóri bauð þarnaest uppá umræður undir liðnum önnur mál.

Erna Sigríður Ómarsdóttir nýkjörinn formaður bað um orðið og þakkaði kjörið.

Lára Birgisdóttir kom einnig upp og benti á að það er komin ný reglugerð frá sýningarstjórn um að hundar sem eru eyrna- og skottstífdír séu útilokaðir frá sýningum félagsins. Lára spyr sýningarstjórn af hverju er verið að setja þetta á.

Fundarstjóri óskaði eftir fulltrúa sýningarstjórnar til að svara fyrir. Erna Sigríður Ómarsdóttir svaraði erindinu fyrir hönd sýningarstjórnar. Skýringin er sú að við fylgjum með þessari lagasetningu fordæmi nágrannalanda okkar, en við erum eina Norðurlandið sem leyfir þetta ennþá. Sýningarstjórn ákvað að þessi reglugerð tæki gildi hjá HRFÍ 1. janúar 2025 vegna þess að það er sú dagsetning þegar hún tekur gildi hjá FCI.

Fundarstjóri bauð svo fráfarandi formanni að slíta fundi. Daníel Örn Hinriksson þakkaði gott samstarf stjórnar og skrifstofu síðustu tveggja ára og jafnframt félagsmönnum fyrir góð samskipti.

Fundi slitið kl 21:50